Ed. **529. Nefndarálit**

um frv. til laga um verðlækkunarskatt.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið. Enginn meðnefndarmanna minna vill láta samþykkja frv., að minnsta kosti ekki í þeirri mynd, sem það er nú. Ég lít hins vegar svo á, að ef reyna á að halda dýrtíðinni i skefjum, með svipuðum hætti og gert hefur verið, og ef standa á við þau ákvæði dýrtíðarlaganna, sem fjalla um verðlag landbúnaðarvara, þá sé óhjákvæmilegt að framlengja verðlækkunarskattinn, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Ef hætt væri að reisa skorður gegn dýrtíðinni, mundi allur framleiðslukostnaður stórhækka. Er þá hætt við, að ýmis atvinnufyrirtæki lömuðust eða stöðvuðust jafnvel með öllu. Sérstaklega mundi þetta koma hart niður á bátaútveginum og fiskimönnum. Tekjur af framleiðslunni gætu ekki hækkað neitt, en kostnaðurinn hlyti að aukast. Ég tel því óhjákvæmilegt að halda áfram þeim fjárgreiðslum úr ríkissjóði til að lækka verð á vörum, sem inntar hafa verið af hendi undanfarið, þar til samkomulag næst um róttækari aðgerðir, en til þess þarf fé.

Í annan stað lít ég svo á, að það sé bein lagaskylda að tryggja bændum það verð fyrir afurðir þeirra, sem 6 manna nefndin ákvað, en til þess þarf einnig allmikið fé.

Afgreiðsla fjárlaganna verður sýnilega með þeim hætti, að afgangur af venjulegum tekjum ríkissjóðs mun ekki nægja til að standa undir þessum gjöldum. Er þá ekki annað ráð fyrir hendi en að afla nýrra tekna.

Síðasta Alþingi samþ. nær einróma ákvæði þessa frv. um verðlækkunarskatt, að vísu til eins árs. En þar eð sama þörf er fyrir tekjur til dýrtíðarráðstafana nú eins og var þá, er skatturinn var ákveðinn, virðist rétt að framlengja hann.

Ég get vel hugsað mér, að einhverjar breytingar verði gerðar á frv., og er til viðræðu um það, enda áskil ég mér rétt til að fylgja breytingartill., sem fram kynnu að koma.

Samkv. ofanrituðu legg ég til, að frv. verði samþ.

Alþingi, 26. nóv. 1943.

Bernh. Stefánsson,
fundaskr.